


GAMLA SUNDLAUGIN

A vintage black and white photograph of a wooden building on a rocky shore. A group of people are standing in front of the building, and several others are swimming in the water in the foreground. The scene is set against a backdrop of hills and a clear sky.

THE OLD POOL



ÚR FÓRUM
JAKOBÍNU ÞÓRÐARDÓTTUR LAUGABÓLI

FROM THE ARCHIVES OF
JAKOBÍNA ÞÓRÐARDÓTTUR LAUGABÓLI



Kennari Eyjólfur Þórðarson og ráðskona Guðmundína Ólafsdóttir 1923-1925.



Kennari Eyjólfur Þórðarson og ráðskona Guðmundína Ólafsdóttir 1923-1925.



Kennari Eyjólfur Þórðarson og ráðskona Guðmundína Ólafsdóttir 1923-1925.

Gögn frá Jakobínu Þórðardóttur Laugabóli um sundkennslu í Reykjanesi á nítjánu öld og fram til 1930.

1. Bréf sr. Ásgeirs Ásgeirssonar frá Arngerðareyri dags. 1.11.1944.
2. Sögulegt yfirlit Jakobínu Þórðardóttur.
3. Yfirlit um stuðning sýslunefndar Ísafjarðarsýslu við sundkennsluna 1891-1904.
4. Heimildir.
5. Sundprófskírteini frá Reykjanesi.

1. Bréf sr. Ásgeirs Ásgeirssonar frá Arngerðareyri dagsett 1.11.1944.
Sólvallag. 51, Rvk.
1. nóv. 1944

Kæra fröken Jakobína!

Ég þakka tvo bréf þín frá 25. sept. og 22. okt. síðastl. Drátturinn á svari frá mér stafar af því, að ég var farinn vestur í Dali, er fyrra bréf þitt kom - fór 15.9. - og kom ekki hingað heim fyrr en 28. okt.

Ég harma mikillega að þú skyldir ekki skrifa mér um þetta áhugamál þitt fyr. Allan júlímánuð, megnið af ágúst og allt til 15. sept. Hafði ég ekkert viðbundið og hefði mér allan þann tíma verið auðvelt að vinna að grúski á söfnunum og þótt gaman að. En nú er ég því miður svo bundinn af starfi, að minnsta kosti frá 1-7 daglega, að ég get engu öðru sinnt. Ég er að vísu ekki bundinn við neitt sérstakt fyrir hádegi, nema smávegis hér heima fyrir sjálfan mig, en það er svo óhentugur tími til svona iðju og óþægilega stuttur í einu, að hann er lítt nothæfur til að fást við svona grúsk. Þó skal ég nú skreppa á þessum tíma upp á söfnin, að minnsta kosti til að athuga sýslunefndargjörðabækurnar, ef þær eru við lýði, en ég býst ekki við að geta athugað fleira fyrir þig. Ég vil benda þér á ágætan mann til þessa, Hjört Kristmundsson frá Rauðamýri, sem er víst kennari hér við einhvern barnaskólann. Mér þykir líklegt að

Spurningum þínum skal ég nú svara svo sem ég get.

Um Sund-Gest veit ég ekkert. Torflaugin mun hafa verið byggð 1890 eða vorið 1891, því að það ár og næsta 1892 kenndi þar fyrstur Páll Magnússon frá Akureyri. Fyrsta sundprófið var haldið laugard. 4. júlí 1891. Á þessu fyrsta námskeiði voru 15 nemendur, þar á meðal Bjarni bróðir minn og Kristján Ásgeirsson frá Skjaldfönn. Þeir voru hæðstir á prófinu, syntu 28 faðma á 1 m. og 10. sek. Árin 1893-1895 mun Bjarni hafa kennt. Vorið 1895 byggði Bjarni sundlaugarhúsið. Fékk hann viðinn í það hjá Norðmanni, er það ár sigldi með viðarfarm inn á fjörð og seldi mörgum bændum við, þar á meðal báðum feðrum okkar. Frá sýslusjóði fékk Bjarni 300 kr. styrk til húsbyggingarinnar, en varð að taka ábyrgð á því í 10 ár. En um haustið, 15. nóv. 1895, sigldi hann til Hafnar og kom ekki aftur til dvalar hér á landi.

Árin 1896 og 1897 lá sundkennslan niðri. Hannes sýslumaður Hafsteinsson hvatti mig þá til að hefja hana aftur og lofaði að gangast fyrir 120 kr. kennslukaupi fyrir mánaðarkennslu. Hinn 9. og 11. júlí 1898 fékk ég mann hjá föður mínum til þess að gera með mér við laugina og undirbúa hana til notkunar og gat kennslan hafist 12. júlí og stóð hún yfir til 10. ág. Þá var haldið sundpróf og var um 50 manns viðstatt. Ekki get ég séð, hversu margir nemendur voru alls á þessu fyrsta sundnámskeiði mínu, en þeir hafa áreiðanlega verið frá 15 til 20. Guðmundur gamli Sveinsson kom t.d. með 6 pilta í einu utan úr Hnífsdal og ég man eftir mörgum af ströndinni. Næsta ár 1899 fór fram mikil viðgerð á lauginni og var hún þá lengd nokkuð, um 2 faðma eða meir. Þá byrjaði kennslan 18. júní. Sundpróf var haldið 23. júlí og höfðu þá 18

piltar stundað nám. 1900 byrjaði kennslan 11. júlí og nutu hennar 17 piltar; sundpróf 12. ág. Árið 1901 byrjaði kennsla 17. júní og var sundpróf haldið 14. júlí að viðstöddu 200 manns, þá voru nemendur 20 alls. Árið 1902 hefur kennslan líkl. byrjað 28. júní og var sundprófið haldið 27. júlí. Árið 1903 byrjaði kennslan 12. júlí og sundpróf var haldið 8. ág. Um nemendafjölda þessi 2 síðustu sumur veit ég ekki, en nemendur voru yfirleitt öll sumrin, sem ég kenndi, um 20. Allar þessar tölur og upplýsingar hér að framan eru ábyggilegar, því að þær hef ég úr dagbókum föður míns, en hann hélt slíkar dagbækur frá 1880 til 1913 og á ég þær allar, nema yfir árin 1904-1908, sem eru glataðar. Ég kenndi svo bæði sumrin 1904 og 1905 eða alls í 8 sumur.

Nemendafjöldi man ég ekki þessi 2 síðustu sumur, en síðara og síðasta sumarið hafði ég 2 námskeið, hið fyrra fyrir pilta, hið síðara fyrir stúlkur og voru þær flestar frá Ísafirði.

Hvatamenn að sundkennslunni og mestir stuðningsmenn öll árin, sem ég þekki til hennar, voru áreiðanlega þeir Halldór á Rauðamýri, sem var víst öll þau ár sýslunefndarmaður og faðir minn, en hann var aldrei sýslunefndarmaður, svo að ég muni. En sýslunefndin hafði aðalforgönguna og launaði kennarann úr sýslusjóði með 120 kr. lengst af. Um byggingarframkvæmdir í Nesinu held ég að faðir minn hafi mest séð og Bjarni bróðir minn, hvað húsbygginguna snertir, eins og áður er frá skýrt. Vorið 1899 sá faðir minn um viðgerð og stækkun laugarinnar og getur hann þess í dagbók sinni. Var hann þar við 8. mann í nokkra daga.

Sundkennslan var víst almennt áhugamál Ísfirðinga og naut áreiðanlega stuðnings margra stæðra manna, enda var hún notuð bæði af Inn- og Út-Djúpmönnum, Önfirðingum og Strandumönnum.

Kennslugreinar voru engar aðrar en aðaltegundir sundmenntar, bringusund og baksund og björgunarsund fyrir þá duglegustu. Kennslan byrjaði venjulega á landi, í þar tilgerðum nótum, ullargjarðir um bringu og sín um hvort læri, festar með mjóum köðlum upp í loftið á húsinu; þar voru sundtökin fyrst æfð. Í vatninu voru þau æfð á svipaðan hátt, nema þá var aðeins ein gjörð notuð og var henni brugðið um bringuna undir höndunum og úr henni gekk taug upp í enda á stöng - dálítið gildari en hrífuskaft - sem kennarinn hélt um, en hann stóð á varnargarðinum, þar sem dýpst var og flutti sig til með nemandann eftir því sem hann komst upp á lag með að ná framdrætti með samtökum handa og fóta. Eftir nokkrar slíktar æfingar var útblásinn selsmagi bundinn á bak nemandans og hann látinn kútveltast með belginn, þar sem grynnara var, þangað til hann gat fleytt sér. Oftast fór þá kennarinn sjálfur í laugina til hjálpar fyrst í stað. Nemendur

Hvatamenn að sundkennslunni og mestir stuðningsmenn öll árin, sem ég þekki til hennar, voru áreiðanlega þeir Halldór á Rauðamýri, sem var víst öll þau ár sýslunefndarmaður og faðir minn, en hann var aldrei sýslunefndarmaður, svo að ég muni. En sýslunefndin hafði aðalforgönguna og launaði kennarann úr sýslusjóði með 120 kr. lengst af. Um byggingarframkvæmdir í Nesinu held ég að faðir minn hafi mest

séð og Bjarni bróðir minn, hvað húsbygginguna snertir, eins og áður er frá skýrt. Vorið 1899 sá faðir minn um viðgerð og stækkun laugarinnar og getur hann þess í dagbók sinni. Var hann þar við 8. mann í nokkra daga.

Sundkennslan var víst almennt áhugamál Ísfirðinga og naut áreiðanlega stuðnings margra stæðra manna, enda var hún notuð bæði af Inn- og Út-Djúpmönnum, Önfirðingum og Strandamönnum.

Kennslugreinar voru engar aðrar en aðaltegundir sundmenntar, bringusund og baksund og sem er utarlega í lauginni sjálfri nálægt vestri bakkanum. Úr hvernum þessum var líka helt upp á kaffikönnuna. Borðað var við stórt borð í aðalherbergi hússins og reyndar eina herberginu, því að framan við það var aðeins forstofa, en þar var hlemmur í gólfi yfir opi, sem hægt var að smeygja sér um niður í tjörnina og upp úr henni, ef menn vildu, t.d. gestir, sem klæddu sig úr inni; piltar klæddu sig venjulega úr og í úti. Rúmstæði voru í þessu aðal og eina herbergi 4 hvoru megin - tvö og tvö hvort upp að öðru og svo rúmgóð, að 2 og þrír piltar gátu vel sofið í þeim. Piltar voru allir vel útbúnir og þurftu litla þjónustu; sokkaplögg þvoðu þeir sjálfir. Þótt aðhlynningin væri engin leið piltunum vel og varð aldrei misdægurt. Þeir léku sér, glímdu, tuskuðust, hlupu um nesið o.s.frv. á milli æfinganna í lauginni. Við höfðum lítinn bát, þriggja manna far, sem faðir minn átti og fórum oft á sjó, sérstaklega inn

að Arngerðareyri. Oft gistu piltar þar, fleiri og færri og fengu hesta lánaða til reiðtúra á næstu bæi. Það komu oft gestir í nesið, bæði innlendir og útlendir og margir fengu sér sundsprett í lauginni. Engar samkomur voru haldnar í sambandi við sunnið eða sundprófin, en þau voru alltaf vel sótt, ef veður leyfði. Mesta ónæðið gerðu aust-norðannæðingarnir, sem voru tíðir. Þeir stóðu alveg upp á, ollu kulda og hömluðu sjóferðum og útileikjum. Þjörgunarsund fyrir þá duglegustu. Kennslan byrjaði venjulega á landi, í þar tilgerðum nótum, ullargjarðir um bringu og sín um hvort læri, festar með mjóum köðlum upp í loftið á húsinu; þar voru sundtökin fyrst æfð. Í vatninu voru þau æfð á svipaðan hátt, nema þá var aðeins ein gjörð notuð og var henni brugðið um bringuna undir höndunum og úr henni gekk taug upp í enda á stöng - dálítið gildari en hrífuskaft - sem kennarinn hélt um, en hann stóð á varnargarðinum, þar sem dýpst var og flutti sig til með nemandann eftir því sem hann komst upp á lag með að ná framdrætti með samtökum handa og fóta. Eftir nokkrar slíktar æfingar var útblásinn selsmagi bundinn á bak nemandans og hann látinn kútveltast með belginn, þar sem grynna var, þangað til hann gat fleytt sér. Oftast fór þá kennarinn sjálfur í laugina til hjálpar fyrst í stað. Nemendur höfðu engin sundskýli, ekki einu sinni stúlkurnar; þau voru ekki komin þá í móð. Nemendur byrjuðu að fara í laugina um kl. 9, voru niðri í um ½ tíma í einu. Farið var í laugina með alla nemendur þrisvar og fjórum sinnum á dag; sumir fóru oft, er þeir voru orðnir sjálfbjarga. Laugin var aldrei vel hrein, sérstaklega gruggaðist hún mikið upp í innri og grynri endann.

Piltar og kennari lifðu við skínukost, gerðir út heiman að. Egg og kjöt og fiskur var allt soðið í litla hvernum, sem lækur rennur úr í laugina og myndar hana aðallega ásamt heitri uppsprettu, sem er utarlega í lauginni sjálfri nálægt vestri bakkanum. Úr hvernum þessum var líka helt upp á kaffikönnuna. Borðað var við stórt borð í aðalherbergi hússins og reyndar eina herberginu, því að framan við það var aðeins forstofa, en þar var hlemmur í gólfi yfir opi, sem hægt var að smeygja sér um niður í tjörnina og upp úr henni, ef menn vildu, t.d. gestir, sem klæddu sig úr inni; piltar klæddu sig venjulega úr og í úti. Rúmstæði voru í þessu aðal og eina herbergi 4 hvoru megin - tvö og tvö hvort upp að öðru og svo rúmgóð, að 2 og þrír piltar gátu vel sofið í þeim. Piltar voru allir vel útbúnir og þurftu litla þjónustu; sokkaplögg þvoðu þeir sjálfir. Þótt aðhlynningin væri engin leið piltunum vel og varð aldrei misdægurt. Þeir léku sér, glímdu, tuskuðust, hlupu um nesið o.s.frv. á milli æfinganna í lauginni. Við höfðum lítinn bát, þriggja manna far, sem faðir minn átti og fórum oft á sjó, sérstaklega inn að Arngerðareyri. Oft gistu piltar þar, fleiri og færri og fengu hesta lánaða til reiðtúra á næstu bæi. Það komu oft gestir í nesið, bæði innlendir og útlendir og margir fengu sér sundsprett í lauginni. Engar samkomur voru haldnar í sambandi við sunðið eða sundprófin, en þau voru alltaf vel sótt, ef veður leyfði. Mesta ónæðið gerðu aust-norðannæðingarnir, sem voru tíðir. Þeir stóðu alveg upp á, ollu kulda og hömluðu sjóferðum og útileikjum.

2. Sögulegt yfirlit Jakobínu Þórðardóttur.

Sundkennsla í Reykjanesi frá 1830-1934

Það fyrsta sem sögur fara af um kenslu í Reykjanesi er að maður nefndur sund Gestur bjó út grafinn sundpoll með torfveggjum og kendi þar sund ungum mönnum um 1830. Kom Gestur þessi frá útlöndum er hann byrjaði kenslu sína, og sóttu sundið til hans unglingar úr öðrum sýslum líka, eins og t.d. Guðmundur sem lengi bjó í Kvígindisfirði í Múlasveit í Barðastrandasýslu. Hversu mörg ár Gestur kendi veit jeg ei, og ekki heldur hvort aðrir hafa haldið því áfram eftir hann fyr en undir 1890, er Skúlí Thoroddssen sýslum. og Gunnar Halldórsson alþingism. í Skálavík börðust fyrir því að gert væri nú betur við sundpollinn og kensla starfsrækt þar með styrk frá V.Ísafjarðarsýslu, þó mun aðeins hafa verið kent sund - aðallega bak, bringu og hliðsund, fram að árinu 1912, er glímukappinn Guðm. Sigurjónsson var ráðinn kennari, hann kendi íslenska og grískrómverska glímu, stökk og fl. Fyrsti kennari sem jeg hefi spurnir af eftir Gest er Páll Erlingsson einhver, norðlenskur að ætt. Hvort það er sá sami er lengi kendi í Reykjavík og eftir ljet svo höfuðstaðnum syni sína til að halda sínu lífsstarfi áfram í margendurbættum og þjálfuðum listum sundíþróttarinnar, veit jeg ei, en mjer þætti það mjög trúlegt. Er jeg hefi í huga sögu sundsins í R-nesi rek jeg mig á að svo vill til, að einbeittustu forgöngu-

menn fyrir kenslu íþróttar í Reykjanesi frá dögum sund Gestis og alt til þess er U.M.F. „Huld“ hættir störfum er mjer til hinnar mestu gleði, ættingjar mínir, skal jeg þar stika stórt, og nefna aðeins þá Skúla Thoroddssen, Gunnar afabróðir minn í Skálavík og síðast föðurbróðir minn Halldór á Rauðamýri, sem með bjartsýni sinni og áhuga fyrir uppeldismálum og bættum kjörum æskulýðsins, hefir altaf verið langt á undan sínum samtíðarmönnum. Jeg veit að synir Páls Erlingssonar eru frændur mínir af ættlegg Bjarna Pálssonar landlæknis, voru þeir frændur íþróttamenn miklir, og eru enn í dag þeir sem íþróttir iðka.

Næstur á eftir Pál kendi Bjarni Ásgeirsson frá Arngerðareyri nokkur vor, þá bróðir hans Ásgeir nú prestur í Hvammi í Dölum um nokkur ár. Þá Kristján Björnsson Guðmundssonar kaupm. frá Ísafirði nokkur vor, þá Daníel Jónsson frá Öndurafirði. Allir aðeins sund.

Árið 1912 og 1913 kemur svo glímukappinn Guðmundur Sigurjónsson, var þá íþróttahreyfingin að vakna um alt land og flokkur Jóhannesar Jóseppssonar að sýna sig innanlands og utan. Guðmundur hleypti eldmóð íþróttáhugans inn í sálir nemenda sinna; fólki þótti meiri skemtun að sækja sundprófin er fleiri íþróttir voru sýndar. Guðm. kvartaði mest undan að þurfa að vera þarna aðstoðarlaus með barnahópin, þessum vesalingum var hleypt á land eins og fráfærna lömbum, með sinn þurmat og áttu svo sjálfir að laga sjer kaffið við hverina og fóru þá stundum brendir heim aftur. Eftir Guðm. var kennari Geir Jón Jónsson í 2 eða 3 vor og kendi ásamt sundinu

fimleika, stökk ofl. Eftir hans veru gugnaði sýslunefndin alveg við að styrkja sundið svo það fjell niður um 3 ár, og væri kanske lítið enn ef „Huld“ U.M.F. Nauteyrarhrepps hefði ekki risið upp og þótt þetta meir en forsvaranleg afturför sýslubúa. U.M.F. „Huld“ var 4 ára og hver meðlimur þess spriklandi af fjöri og andlegum og líkamlegum áhuga eins og ódrepnum æskumönnum sæmir; fjelagssystkini mín í þá daga unnu mörg og mikil verk í nafni fjelagsins án þess að mæna fyrst eftir sjóðum og opinberum styrkjum til allra hluta, þeir sóttu í sinn eigin vasa, kaup sitt og rjettu það mjög ánægðir fram til almenningsheilla. Er sýslunefndin var því svona algjörlega búin að leggja þenna óprifagemling sinn að velli (ípróttamálið) og nutu nú ánægju yfir bjartsýni sinni og góðum málalokum, þá bar það undur við að á fundi hjá „Huld“ sem haldinn var 23. febrúar 1919, var samþykkt að skora á sýslunefndina að leyfa „Huld“ að starfrækja ípróttakensluna í Reykjanesi og veita 300 krónu styrk til þess. Frummælandi var Jón Pjetursson, núver. bæjargjaldkeri Ísafj. Jeg átti heima á Ísaf. þá en var gestur heima, og því auðvitað á fundinum, það lá svo vel á mjer yfir heilbrigðri hugsun meðlimanna, að jeg stóð upp og gaf „Huld“ íslenska fánann til minningar um að fjelagið var stofnað á afmælisdag föður míns sál. Jón P. vildi þá gefa efnið í stöngina og Kristján Ísaksson smíði hennar. Svo jeg haldi mjer við efnið þá bað nú stjórn „Huldar“ sýslufundarmann okkar Halldór á Rauðamýri að flytja málið. Er þangað kom risu allir öndverðir upp á móti þessum óróasegg og fór þar oddviti fyrir, sem var M. Torfason,

kvað hann svo þröngan fjárhag að vart væri hægt að halda úti barnaskólanum, frændi gamli stóð þarna einbeittur með sveittann skalla einn á móti öllum hinum, kímði kalt og klóraði þeim svo þá sveið undan, hann beindi því til M. Torfas. að það sæi enga kreppu á hans líkama, eða að hann skorti það, enda verð jeg að skjóta því inn í að jeg skil ekki þessa þröngsýni M. því vel líkaði mjer að búa með honum að sundmálinu síðar. Halldór mun nú hafa farið fram á að Ísafj.kaupstaður styrkti að nokkru leiti, því í það minsta fjekk hann úr bæjarstjórn hans tvo góða liðsmenn sem voru þeir Sigurjón Jónsson bankastjóri og Helgi Sveinsson bankastjóri, þeir höfðu góðan skilning á málinu. Við fengum svo tilkynningu um að okkur yrði falið málið, byrjuðum við því að ræsta gömlu laugina og húsið, en það reyndist nú hvort tveggja hafa heldur versnað við biðina og úr kenslu varð ekki það vor ýmsra hluta vegna. Næsta ár var enn sent bónorðsbrjef og þá kom reglulegur rekspölur á málið, og var það fyrsta árið sem „Huld“ starfrækti kensluna, bæði sund og fleiri íþróttir. Árið 1921 byrjaði „Huld“ að skrifa ákoranir til sýslunefndar um að fundurinn ræddi um byggingu nýrrar sundlaugar úti í svonefndri Hveravík, voru þar 5 hverir, en aðeins einn lítill er rann í þáverandi laug, botn hennar var ósteyptur og mýri sem hveralækurinn rann eftir svo óþrif og pöddur vildu safnast í hana; einnig fórum við fram á stækkað sundskýli eða að skýslan og Ísafj.kaupstaður legðu til tjöld til að bæta úr húsnæðisleysinu, en hvorugt fjekk áheyrn. Þessu hjeldum við áfram, og Halldór flutti aftaf málið

árangurslaust. Gamla sundhúsið hafði upphaflega 8 rúm - seinna var það stækkað og urðu þá 14 „kojur“ og var það er „Huld“ starfrækta sunðið, það vildi nú reynast þröngt er t.d. eitt vorið sem Eyjólfur bróðir minn kendi voru 60 nemendur og kendi hann einn allar íþróttirnar - en ráðskonur byrjuðu ríkja þar um leið og „Huld“ tók við, sáum við nemendum fyrir heitum mat, en brauðamat og kaffi, cacao, mjólk ofl. höfðu þeir sjálfir, því eins og menn geta sjeð var lítið um borðstofur í þessari kitru, og hafði því hver nemandi sín borðáhöld hjá sjer. „Huld“ fjeck árlega styrki frá N-Ísafj.sýslu og bæjarsjóði Ísafj. 200 og 300 krónur en til að fá meira upp í kostnaðinn hafði hún veitingasölu á sundprófum; öll vinna okkar meðlima var þó ókeypis öll árin. Í sex fyrstu árin höfðum við einn kennara, en 2 kennara fimm hin síðari. Haustið 1924 skrifaði jeg í 62 og 63 tölublað „Vesturlands“ um byggingu „Nýju sundlaugarinnar“ greinin var löng, og fjallaði um aðstöðu alla gagnvart íþróttakenslunni í Reykjanesi og nemendum hennar, feikna aðsókn og sívaxandi áhuga bernskunnar og unglinganna, einnig fullorðinna fyrir að komast á þennan eftirsóttta stað, en vöntun húsnæðis og sjerstaklega þrífalegs sundpolls. Jeg reyndi að vekja athygli fólksins á Reykjanesi með því að fljetta ýmsu gamni frá baðstaðnum inn í brennandi alvörumál greinarinnar og gat þess um leið að þar með gerðist jeg sjálfboðaliði fyrir fjelag mitt til að hefja nú samskot og merkjasölu til ágóða fyrir Nýju sundlaugina, greinin hreif - merkin seldust, og samskotin tókust nokkuð á sundprófinu, en svo festi jeg upp auglýsingu

fyrir framan borðið í búðinni sem jeg vann í, um að jeg hjeldi áfram að safna fyrir nýju laugina, peningarnir komu frá 25 aurum upp í 50 kr. seðla. Litlu eftir útkomu greinarinnar, kom smágrein í Vesturland frá Jaðri í Noregi frá Hafliða nú bónda að Garðstöðum, var hún þökk til mín fyrir skrifin og jafnframt áskorun til annara að styðja mál mitt, enn seinna kom í sama blaði ritstjóragrein eftir minn ágæta kennara Sigurð Kristjánsson núv. alþingismað, studdi hann mál mitt röggssamlega, og var það ekki einasta hjálpin sem nemandinn þáði, því hann mun manna best hafa lyft einurð penna míns, ef Sigurði líkaði stíll og mál á greinarstúf, mátti höf. láta það fara. Jeg má nú tæplega sjálf segja nógu satt frá, en orð sumra eldri og hugsandi Ísfirðinga sem fylgdust vel með Reykjanesmálum frá byrjun, leyfi jeg mjer að setja hjer. „Hefðir þú aldrei skrifað grein þína væri nýja laugin ókomin enn og Reykjanes því minna umtalað og enginn skóli, því er fleiri fóru að skrifa og peningar að safnast voru sýslunefnd og bæjarstjórn nauðbeygðar að láta málið fá framkvæmd - þetta er nú satt þó þeir góðu herrar vilji nú láta það gleymast“. Meðan mín ötulu fjelags-syskini unnu að námskeiðum í íþróttum, trjeskurði og heimilisiðnaði heima í sveitinni, sat jeg í kaupstaðnum og útrjettaði alt fyrir „Huld“ og vann fyrir hina blessuðu „Paradís íþróttanna“. Á meðan fjelag mitt starfrækti kensluna í Reykjanesi gat jeg tekið undir með Grasa Guddu „Þá vildi jeg ekki skifta við nokkra gifta konu“. Jeg kom altaf inneftir nokkra daga árlega um námskeiðstímann og á leiðinni í land fjekk

jeg altaf ótilkvött fagnaðaróp frá 50-60 munnum saklausra barna, og hópurinn var allur samhuga um að gera mjer alt til ánægju meðan jeg var hjá þeim, líka að vera góð og hlýðin kennara og ráðskonu. Vegna þeirra sýslunefndarmanna sem kynnu að lesa þetta vil jeg geta þess, að batnandi fóru þeir, en skilningslitlir voru þeir of lengi og þröngsýnir um Reykjanes - þó velgreindir menn væru á öðrum sviðum. Alt er gott sem endar vel, erfiði skapar þroska. Nú er Reykjanes viðurkent á öllum sviðum sem skólaparadís.

2 tjöld keypti „Huld“ til að bæta úr húsnæðisskorti og eitt gaf jeg fjel. 20 áln langt og vel manngengt undir mæniás; lagaðist mikið við þau. Þó „Huld“ hefði þarna erfiða aðstöðu, held jeg hún hafi verið vel kynt fyrir störf sín og viðleitni, enda voru meðlimir hennar afar fórnfúsir í þessum málum, sem þó allir voru annara hjú.

Vorið 1920 tók U.M. F. „Huld“ að sjer íþróttakensluna í Reykjanesi, hafði þá sýslan lagt hana niður um 3 ár. „Huld“ starfrækti þar skipulagða kenslu í 11 vor, á þeim tíma lærðu 465 nemendur og hafa þeir margir haldið sundíþróttinni vel við. Einn 11 ára drengur synti yfir Reykjarfjörð meðan hann stundaði nám, Jens Guðjónsson frá Ísa-firði. Þórarinn Ólafsson frá Hraundal, lærði lítill drengur hjá Eyjólfí bróðir, unglingur gekk hann frá slætti í kalsaveðri og lagðist til sunds í öllum fötum yfir „Selá“ jökul-ána frá Drangajökli í miklum vexti, talaði við pílta sem voru þar við slátt og henti sjer svo í ána aftur og synti yfir, fullorðinn í fyrrasumar lagði hann til sunds illa sofinn og lítið smurður yfir Ísafjarðardjúp, frá Hafnardal að Hveravík í Reykjanesi. Sigríður

Friðriksdóttir frá Suðureyri - nemandi Hjartar Kristmundssonar synti seinna yfir Siglufjörð. Í tíð „Huldar“ voru þessar íþróttir kendar í Reykjanesi. Bringu- bak, hlið, hrað, björgunarsund. Stangarstökk, lang og hástökk. Spjótkest, Kúluvarp, Hlaup, Fót- og handboltaknattleikar. Mullersæfingar, Bucksæfingar og Vikivaki. Voru þær skiftar eftir leikni kennara. Oftast verðlaunuðum við á prófi 3 bestu í sundi, og oft einn í Stangarstökki og 1 í Hlaupi.

Fimm/sex fyrstu árin var kent í gömlu lauginni, en nýja laugin kom 1926 til nota. 30 metra löng - 10 metra breið og 1-2,5 metra dýpt. Tvímælalaust þá besta sund- laug landsins. Sjálfboðavinna frá „Huld“ var 9 dagsverk, og 6 dagsv. frá Vísi í Vatns- fjarðarsveit.

Eftir „Huld“ eða vorið 1931, tók Íþróttaráð Vestfjarða að sejr kensluna undir stjórn Gunnars Andrew, og hafði hana í 2 ár - þá Ísafjarðarkaupstaður í önnur tvö ár undir stjórn bæjarstjórans Ingólfs Jónssonar, var í þessi 4 ár nemenda og kennara fæði sameiginlegt enda þá kominn nýji skálinn. Jón S Eðvald consull, og Vilmundur Jónsson lækniir byrjuðu fjársöfnun fyrir hann í samskotum og merkjasölu - veit ekki um upphæð.

Loks tók Reykjanesskólinn við öllu, og er þessum málum vel borgið.



Reykjanes

Verði þjer alt til vegs og sóma.
Vinir þjer bætist, gleði, fjör.
Hrjóstrin þín breitist ört í blóma.
Blessuð sje æ þín sigurför.
Verndari drottinn verði þinn.
Jeg vona hann blessi tilgang minn.

Jakobína Þ. Þórðardóttir

Sund - Gestur

Fyrsti maður er kendi sund á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp var Gestur Bjarnason, ýmist nefndur sund eða glímu Gestur - því hann var jafnvígur á hvorttveggja. (* Gestur silgdi til íþróttanáms, mjer hefir verið sagt að það hafi verið til Danmerkur). Meðal nemenda Gests var piltur er Guðmundur hjet og alinn var upp á Laugabóli, og síðar bóndi í Kvígindisfirði í Múlasveit, var það árið 1850 sem hann lærði sundið. Þórður sonur Guðm. seggir, mig minnir fastlega að faðir minn segist hafa lært í laug en ekki sjó - hefir því líklega verið lítil laug til að byrja með þar sem gjörð var torflaug stór árið 1890.

Gestur kendi nokkur vor á Reykjanesi, var þá maður um fimmtugt - síðasta vorið sem hann lifði, kendi hann sund á Reykjum í Miðfirði og dó á Krossanesi á Vatnsnesi 1962. NB. Guðmundur Jónsson Árnasonar - bróðir Rósinkars í Æðey.

*Þetta mun ekki rétt vera. A.E.

Kennarar í Reykanesi í tíð „Huldar“

1. Sigurður Sigurðsson Knútsstöðum Aðaldal - 1920
2. Jóhannes Einarsson Svarfhóli Borgarf. 1921 og 22
3. Eyjólfur Þórðarson Laugabóli 1923, 24, 25
4. Stefán Runólfsson, Gunnar Andrew 1926
5. Hjörtur Kristmundsson, Ingólfur Kristjánsson 1927
6. Hjörtur Kristmundsson, Brynjólfur Þorsteinsson 1928
7. Hjörtur Kristmundsson, Júlíus Magnússon 1929
8. Jakob Jónsson, Benedikt Jakobsson 1930

Ráðskonur

1. Guðmundína Ólafsdóttir
2. Björney Hallgrímsdóttir
3. Jóhanna Þórðardóttir
4. Halldóra Halldórsdóttir

Byggingarkostnaður sundlaugarinnar framlagður þannig.

1.	Samskotafjé afh. af Jak.Þórðar. í nafni „Huldar“	800
2.	Frá Bæjarsjóði Ísaf. 1925	1500
3.	Frá Bæjarsjóði Ísaf. 1926	1000
4.	Frá Fiskifjel. Íslands	1200
5.	Frá Ríkissjóði 1926	2000
6.	Áheit frá ónefndum	5
7.	Frá sýslusjóði N-Ísafjarðarsýslu 1925	1500
8.	Frá sýslusjóði N-Ísafjarðarsýslu 1926	1000
	Síðar greitt umfram áætlun af N-Ísafj.s.	1969,67
	Samtals krónur	10.974,67

3. Yfirlit um stuðning sýslunefndar Ísafjarðarsýslu við sundkennsluna 1891-1904.

- 10/3. 1891: Sýslufundur Ísafjarnga.
- Á undirbúningsskjalum hafi verið skorað á sýslunefndina að koma á fót sundkennslu á einum eða tveimur stöðum í sýslunni. - Sýslunefndin kaus þriggja manna nefnd til að huga eftir, og hlutu kosningu síra Sig. Stefánsson, síra Kr. Benediktsson og sýslu. Skúli Thoroddsen. Nefnd þessi lagði áherslu á fundir sín frá öðru átt, og samþykkti sýslunefndin samkvæmt tillögum hennar: að veita 200 kr. til sundkennslu í Reykja-nesi fyrir fyrirtæki á ári, og að skipa þriggja manna nefnd, til þess að útgæva sundkennara og sjá um skráir nauðsynlegrar að stafrófi, til þess að kennslan geti byrjað á ný á árinu. Í nefnd þessa voru síðan kosnir sýslu. Skúli Thoroddsen, altn. G. Halldórsson og bófr. H. Jónsson.
- 31/10. 1891: Skýrt frá því að sundkennsla hafi verið byrjuð í Reykjanesi um vorið, dýrkaður hafi verið sundkennari frá Akureyri, Páll Magnússon snikkari. Aðeins seytján manna notað kennslunnar (úr fjórum mestu breppum). Kennslagjaldið var aðeins kr. 6.00 og þess utan urðu piltar að mestu síð sjálfir. - Í greininni einnig talið að um nauðsyn þess að komið verði up skjóli við laugina.
- 27/11. 1891: Grein: "LÖGJAFRÉTTIR". Greinin er hvatning til allra um að leita að synda og sagt frá því að Alþingi hafi nú í sumari fyrsta skipti veitt 16 nokkurt "til þess að efla sundkennslu".
- 11/3. 1892: Sýslufundur Ísafjarnga.
- Nefnd að (Sk. Th., G. H. og H. J.), er kosin hafði verið á sýslunefnd sýslunefndarinnar í fyrra, til að koma á fót sundkennslu á Reykjanesi, skýrði frá störfum sínum og lagði fram reikning yfir kostnað þennan, er staftað hafði af sundkennslunni síðast lík sumari. - Sýslunefndin ákvað, að sundkennsla skyldi fram fara á komandi sumri, og veitti í því skyni 200 kr. af sýslu. Þá var þessu til frambjóðar var kosin þriggja manna nefnd, og hlutu kosningu sýslu. Skúli Thoroddsen, síra Sig. Stefánsson og altn. G. Halldórsson. Talið var nauðsyn þess að koma upp hás við laugina og ráðgjert að leita almennu samþykkingu á því skyni.
- 30/11. 1892: "Sundkennslan í Reykjanesi..... gat sundkennslan í Reykjanesi í ár ekki byrjað, fyr er með júlíán. byrjun, og stóð hún yfir í réttan mánuð.
- Sundkennari var Bjarni Ásgeirsson á Arngerðareyri, og tóku námsveitarnir sömu framferðum; en því miður var kennsla þessi, eins og í fyrra, mjög lítil notuð, einir 5 piltar af öllum dregjshöfðingjum hér í sýslu.
- Sumir menn og hás hefur í að senda pilti á ári, af því sumari var kalt..... enn er ekki meistar heitt skjóli við laugina, heldur verða piltarnir að ljúka í kjöldum; en ár hás-löpsinu verður nú vorandi bót ráðin á komandi vori....."
- 21/2. 1894: "Hokkur að um sund og sundkennslu". Lítið varð af sundkennslunni í Reykjanesi síðast lík sumari... mest staftað af sýslufundarleyfingu og málaferlum... Fyrir rúmum 70 árum var sund-listin svo að segja gjafmála ddað hér á landi... núnast... verði fleiri en 6 menn á öllu landinu, sem heitið getu skjólið, af þeirri löngu í á eða þó, þar sem hefur ekki nágu nári, en þá tók Jón Þorláksson Fjörðstæð, nafnkunnur fyrirtæki, fyrstur manna að koma sund hér á landi..... Árið 1884 var félag stofnað í Reykjavík til eflingar og útbreiðslu sundkennslunnar, og veitti henni forstíva Bjarni Láfkason Björndal, um hana missti við árið 1887, lagðist þá sundkennslan niður um tíma, en hófst svo aftur vorið 1891, og tóku þá 40-50 piltar þátt í henni, og þar á meðal, samkvæmt ráðstöfun stiftsfirvaldanna, piltar úr neðsta bekk líkhuskólans.... (Í greininni er talið um góða möguleika til sundkennslu í Reykjanesi og víðar og hvort greinarráðgjafur, sem er Bjarni Ásgeirsson frá Arngerðareyri, til daga í sundkennslu
- 4/12. 1897: "Sundkennslan. - Illa og óvæðinglega hefur oss íafiríngum farist, að halda uppi sundkennslu hér við Djúpið, þar sem engin sundkennsla hefur átt sér stað í Reykjanesi síðast lík sumari. (Í beccari grein, sem er undirritað "Dinn, sem flýtar", segir að sundkennslan hafi byrjað 1890 með kennara frá Akureyri, en það er vitanlega ekki rétt, þr. hér að ofan, að vera 1891.)

- 30/3. 1896: Sýslufundur Ísfríðsgr. Sundkennsla og sundkennsla. Til þess að standa fyrir sundkennslu í Reykjanesi á komandi sumri veitti sýslunefndin þingnaðsáðmið Ásgeirssyni á Arngerðareyri 20 kr. styrk, og jafn framt veitti hún honum 300 kr. í eitt skipti fyrir allt, til þess að byggja hana í Reykjanesinu, og var sú fjárfveiting bundin þeim skilyrðum:
1. að hðsið sé, að álitu tveggja óvilhallra manna, er sýslunefndin ákveður, vel hæfilegt til fððar fyrir nðmsveina,
 2. að Blarni Ásgeirsson sjái svo um, að hðsinu sé vel við haldit, og að hðs sé til reiðu, til afnota við sundkennsluna í Reykjanesinu, að minnsta kosti í 10 ár,
 3. að byggingu hðssins sé lokið fyrir þann tíma, er sundkennsla getur byrjað vorit 1896.
- 21/3. 1896: Er ekkert minnst á sundkennslu í Reykjanesi eða húsbýgging þar, og lá sundit síðan níðri þar árin 1896 og 1897, eins og áður er sagt hér að framan.
- 6/4. 1897: Er í sýslufundargerð heldur ekkert minnst á sundnállit.
- 31/3. 1898: Sýslufundur Norður-Ísfríðsgrafsýslu.II. Sundkennsla. Sýslunefndin veitti nú á ný 20 kr. styrk til sundkennslu í Reykjanesi, og ákvað, að sækja um jafna upphæð ár landsdjóð, samkvæmt nðgildandi fjárlaga lð. gr. 2.VIII.b, og skal kennsla þessi fara fram í nðst. jððlðssnuð, og Ásgeir Ásgeirsson yngri á Arngerðareyri hafa hana á hendu. - Styrkveiting þessi var þó bundin því skilyrði, að kennslupiltar yrðu eigi færri en 10, og að kennslan yrði ókeypis.
- 15/5. 1899: Sýslunefndarfundur.Til sundkennslu í Reykjanesi á komandi sumri veitti sýslunefndin, eftir beiðni stud. art. Ásgeira Ásgeirssonar, 20 kr. ár sýslusjóð, gegn jafnu tillagi ár landsdjóð, með þeim skilyrðum, að kennslan byrji í jððlðssnuð, sem súðit er, og standi í minn, að nemandur nððti ókeypis kennslu, og séu eigi færri en 10, og að mðnsárkaup sundkennarans sé 20 kr., en hinu fénu, (afðengi landsdjóðsfjárins) verit, til að hlaða upp stíflugarinn, og laga laguna, eftir samþingum við sýslunefndarmennina í Reykjardar- og Keuteyrarhreppum.
- 7/4. 1900: "Sýslunefndarfundurinn." Veittar 20 kr. til kennslunnar gegn sðmu upphæð ár landsdjóð. Sundkennari sams. Kennsla byrði ekki seinni en 9. jðð, nemandur verði s.m.k. 10, kennslan standi ekki skemur en 1 mðnuð, nemandur verði vandir við að synda í fðtun og í sjó, eftir því sem hegt verur, kennarinn hafi sjðlfur stðugt eftirlit með piltunum. "Á hann (kennarinn) í kaup ~~st~~ og fði fði 120 kr. gegn uppyllingu ofangreindra skilmála, að afstðmu prófi".
- 6/5. 1901: Sýslufundur Norður-Ísfríðsgrafsýslu. -..... Sundkennsla. Sýslunefndin veitti stúdent Ásgeiri Ásgeirssyni frá Arngerðareyri 120 kr. styrk til að halds uppi sundkennslu í Reykjanesinu á svipaðan hátt, sem verit hefir, og skal kennslan byrja sem fyrst í jðð, á hinu bðgina sýnð sýslunefndin þeirri tillögu síns K.ertans á Stað, að veita 100 kr. til sundkennslu í vatnslaug einni í nánd við Stað í Grunnavík,

- 6/4. 1903: Sýslunefndarfundur. .. Ásgeir Ásgeirsson rððin sundkennari með sðmu kjðrum og áður.
- 9/6. 1906: Sýslunefndarfundur. Sundkennsla. Sýslunefndin samþykkti kaup á sundhðsinu í Reykjanesi fyrir 250 kr. og veitti 200 kr. til vikgerðar sundlauginni, og til sundkennslunnar.
- 14/8. 1914: Frð Ísfríðsgrafsýslu. Sundkennsla hófst í Reykjanesinu, sem vent er, í Andverðum jðði, - byrjaði sunnudaginn 5. jðði þ.á. - Sundkennarinn heitir Geir Jðn Jðnsson.

4. Heimildir

Jakobína Þórðardóttir: „Nýja sundlaugin“

Vesturland 23. september 1924

<https://timarit.is/page/5006828>

Vesturland 30. september 1924

<https://timarit.is/page/5006832>

Haflíði Ólafsson „Orð í belg“. *Vesturland* 7. janúar 1925.

<https://timarit.is/page/5006890?iabr=on>

G. Andrew „Sundpróf í Reykjanesi“. *Skutull* 12. júlí 1929.

<https://timarit.is/page/4997557?iabr=on>

5. Sundprófskírteini Reykjanesi.

Íþróttaskólinn í Reykjanesi
við Sauðfjardardjúpið
Reykjanessskólinn.

PRÓFSKÍRTEINI

3. STIG

REYKJANESSKÓLA.

sem er fædd(ur) _____, hefir verið við sundnámi
árið 19__ um _____ síðna tíma.

Þannum Kinn getur stungið sér og sýnt:

- 300 metra bringusund í fótum.
- 1000 metra bringusund klæðlaus.
- 300 metra bakund.
- 100 metra björgun í fótum með sinn líka.
- Íþléðst fótum á sundi.
- Kjafast eftir sundhlut á 4 metra djúpi.
- Sýnt felaund, minnst 3000 metra.
- Fengið tilsegn í björgun og lífgun.

Reykjanesi, 2. maí 1936

Þóðleinn Þóðleinn
skólastjóri

Þóðleinn Þóðleinn
(leikari)

Þóðleinn Þóðleinn
(leikari)

Íþróttaskólinn
Íþróttaskólinn í Reykjanesi
við Sauðfjardardjúpið

Prófskírteini

2. stig.

REYKJANESSKÓLA

sem er fædd(ur) _____, hefir verið við sundnámi
árið 19__ um _____ vikna tíma.

Þannum Kinn getur stungið sér og sýnt 100 m. í fótum
og afklæðst fótunum á sundi. Eftur sýnt klæðlaus 300 m. á
bringusundi og 100 m. á bakundi. Eftur kjafast eftir smá-
hlutum á 3 m. djúpi.

Þóðleinn Þóðleinn
skólastjóri

Þóðleinn Þóðleinn
(leikari)

Þóðleinn Þóðleinn
(leikari)

